



Fundargerð 13. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Engjavegi 6 og Zoom, þriðjudaginn 6. júní kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH) og Jón Þór Jónsson (JPJ).

Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) .

Fjarverandi: Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS) aðalmaður, Kolbrún Vignisdóttir (KV) og Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamenn.

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður sambandsins.

AS ritaði fundargerð.

1. Fundur með forstjóra Vegagerðarinnar

TMP sagði frá fundi sem hann ásamt BJ átti með forstjóra Vegagerðarinnar 3. júlí 2023. Punktur frá þeim fundi verða sendir á stjórn síðar í vikunni.

2. Fundur um afreksmál

Sagt frá fundi með Vésteini Hafsteinssyni afreksstjóra ÍSÍ sem TMP og BJ áttu 3. júlí. Tilgangur fundarins var fyrir Véstein að fá að vita stöðuna á málum hjá AKÍS. Punktur frá þeim fundi verða sendir á stjórn síðar í vikunni.

HVH mætti á fundinn.

3. Verkefnalisti stjórnar

Ákveðið að raða málefnum upp í forgangsröð og taka þau fyrir eftir þeirri röð á næstu fundum stjórnar.

4. Þagnarskylda

Ákveðið að stjórnarmenn skrifi undir skjal eigin hendi og sendi með tölvupósti á skrifstofuna.

5. FIA Immersion

FIA hefur auglýst eftir umsóknum í verkefni fyrir unga aðila til að kynnast starfi sambandsins. Ákveðið að BJ sendi erindi á aðildarfélögin og óski eftir tilnefningum frá þeim.

6. Verkefnið "Rising star" á vegum Women in Motorsport

FIA hefur auglýst eftir umsóknum í verkefni fyrir ungar konur í akstursíþróttum.

Ákveðið að BJ sendi erindi á aðildarfélögin og óski eftir tilnefningum frá þeim til að senda umsóknir fyrir í verkefnið.



7. Reglur frá FIA um rafknúin ökutæki í keppni

FIA hefur gefið út tæknireglur fyrir rafknúin ökutæki í keppni, lagt fram til kynningar. Hlekkur á reglurnar er [hér](#).

8. Vinnuhópur til að rýna samgönguáætlun 2024-2038

Samgönguáætlun er í samráðsgátt þar sem hún komst ekki á málaskrá fyrir þinglok, en verður lögð fyrir nýtt þing í haust. TMP leggur til að skipaður verði starfshópur til að rýna áætlunina og koma með tillögu að umsögn sem sambandið myndi senda inn. Ákveðið að sambandið sinni þessu máli ekki sérstaklega.

9. Sérstök dómnefnd

TMP hefur náð á formann dómnefndarinnar með ósk um að niðurstaða lægi fyrir sem fyrst. Svar fékkst og er samkvæmt því reiknað með að niðurstaða liggi fyrir innan viku.

10. Formenn dómnefnda

Erfiðlega hefur gengið að manna stöður formanna dómnefnda í öllum keppnum og hefur TMP meðal annars sinnt því starfi.

11. Önnur mál

Umsókn frá TKS um torfærukeppni - Borist hefur erindi frá Torfæruklúbb Suðurlands um að halda torfærukeppni við Svínavatn 29. júlí n.k. Ákveðið að samþykkja beiðnina.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 18. júlí kl. 19:30.
Fundi slitið kl. 21.28